

10. Stjórnarfundur Leiknar.
Miðvikudaginn 20. desember 2006, kl. 09.00.
Haldinn með fjarfundabúnaði í Reykjavík, Ísafirði og Keflavík.
Staðsetning í Reykjavík hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að Skeifunni 8

Dagskrá

1. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fjárveitingu til íslenskukennslu fyrir útlendinga og ráðstöfun fjárens.
2. Fundur Norrænu fullorðinsfræðslusamtakanna með systur samtökum frá Eystrasaltsríkjunum í Tallin 11. - 12. janúar 2007 (Nordic-Baltic meeting in Tallinn).
3. Fundargerð síðasta fundar.
4. Endurskoða ákvæða um aðild að Leikn, sbr. 4. lið frá 3. júlí og liður 2. lið frá 10. maí 2006 og samþykktir síðasta fundar.
5. Félagsfundur Leiknar, sbr. 3. lið frá 3. júlí og ákvörðun síðasta fundar.
6. Tilnefning í stjórn landssamtaka menntaáætlunar Evrópusambandsins.
7. Önnur mál.

Sjá fundargögn frá Smára:



1. liður Íslenska



2. liður. Tallin

Mætt

Í Reykjavík voru mættir stjórnarmennirnir Hulda Ólafsdóttir og Birna Gunnlaugsdóttir, Arnbjörn Ólafsson og Anna Þóra Gylfadóttir frá Mennt. Í Keflavík var Guðjónína Sæmundsdóttir og Smári Haraldsson á Ísafirði. Ingibjörg Elsa og Emil boðuðu forföll.

1. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fjárveitingu til íslenskukennslu fyrir útlendinga

Undir þessum lið dagskrár var mættur Stefán Stefánsson, deildarstjóri símenntunardeildar menntamálaráðuneytisins. Auk þess var lögð fram fréttatilkynning frá menntamálaráðuneytinu, dags. 10. nóvember 2006, þar sem gerð er grein fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að veita auknu fjármagni til íslenskukennslu fyrir útlendinga á næstu árum.

Stefán greindi frá því að því að á næsta ári myndi ríkið veita 100 milljónir króna. til eflingar íslenskukennslu. Ráðuneytið er búið að skipa verkefnastjórn til að stýra verkefni menntamálaráðuneytisins. Í verkefnastjórninni sitja Stefán Stefánsson sem er formaður, Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Védís Grönvold, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti og Björg Kjartansdóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneyti. Lítið er búið að ákveða um ráðstöfun fjárens ennþá. Þó eru ætlaðar 70 milljónir til námskeiðahalds og 30 milljónir til hinna þáttanna svo sem námsefnis- og námskrárgerðar og til menntunar kennara.

Ekki er nákvæmlega ljóst hversu mikið er til af kennsluefni en drög að námskrá liggja fyrir og fá þarf heildaryfirlit um efnið og vinna úr því. Við námskrárgerðina þarf að hafa til hliðsjónar væntanlegt frumvarp til nýrra laga um ríkisborgararétt ásamt reglugerð þar sem væntanlega munu koma fram kröfur um íslenskufærni þeirra sem sækja um ríkisborgararétt.

Ekki búið að ákveða formlega hvernig úthlutun styrkja verður. en verkefnisstjórnin er að leita samráðs sem víðast og vinnur að eftirfarandi þáttum..

1. Hvaða upplýsingar eigi að koma fram með umsóknum um styrki? Um fræðslufyrirtækið, upplýsingar um kennara, kennslustað og aðstæður, nemendur og uppruna, hvaðan þeir koma. Einhverjar upplýsingar kæmu jafnvel í lok námskeiða.

2. Reikniformúla fyrir úthlutun styrkja. Munum auglýsa opið í fyrstu, en biðja um áætlanir fyrir allt árið. Á enn eftir að hanna umsóknareyðublaðið og auglýsingar. Til skoðunar er m.a. að hafa eftirtalda þætti til hliðsjónar.

- a. Fjöldi kennslustunda og nemenda. Ákveðið verð á hverja nemendastund.
- b. Ákveðið grunnframlag á hvert námskeið.

3. Kostnaðarskipting, hver borgar hvað?

Starfsmenntasjóðirnir Landsmennt og Starfsafl greiddu 30-35 milljónir til íslenskukennslu árið 2006. Menntamálaráðuneytið hefur verið að setja 23-25 milljónir á ári, félagsmálaráðuneytið 5 milljónir og Reykjavíkurborg um 20 milljónir. Alls hafa því a.m.k. 85 milljónir króna farið til íslenskukennslu á ári, væntanlega er upphæðin þó nokkuð hærri. Þrátt fyrir að einhverjir aðilar dragi úr sínum framlögum mun heildarupphæðin sennilega hækka þó nokkuð á næsta ári. Starfsmenntasjóðirnir eru með mismunandi reglur, fyrirtækin greiða eftir mismunandi formúlum. Sum sveitarfélögin leggja þó nokkuð til íslenskukennslunnar en önnur ekki neitt. Verkefnisstjórnin hallast að því að í fyrstu umferð verði reglur mjög opnar og niðurstaðan úr henni hafi áhrif á framhaldið. Í framtíðinni mun ráðuneytið eingöngu veita styrki til viðurkenndra fræðsluaðila. Stefán kvaðst vera búinn að ræða við Kvasir og fleiri sem málið varðar og að ákvörðun um fyrstu úthlutun verði tekin strax eftir áramót og styrkjum komið út til fræðsluaðila.

Smári spurði hvaða aðilar, auk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis, hefðu verið að kenna fullorðnum útlendingum íslensku og féllu þar af leiðandi undir þennan hóp.

Upplýst var að auk aðila innan Kvasis væru það a.m.k. Mímir – símenntun, Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði, Kvöldskólinn í Kópavogi, Alþjóðahúsið og skóli Ingu Karlsdóttur.

Heildarfjöldi þátttakenda sem stundað hafa íslenskunám lá ekki fyrir, en upplýst var að hjá Mími voru um 1500 þátttakendur árið 2006 og um 300 hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Þessar tölur segja þó ekki fjölda einstaklinga þar sem sami einstaklingur getur hafa setið fleiri en eitt námskeið á árinu.

Smári fagnaði því að ríkið setji aukna fjármuni í íslenskukennslu. Hann sagði að frá sínum sjónarhóli væri einkum um tvíþættan vandi í íslenskukennslunni. Annars vegar fjármögnunarsvandinn og hins vegar vandinn að finna tíma fyrir kennsluna. Námskeið væru keyrð á lágmarkskostnaði, þannig að ekki væri hægt að boðið upp á þá fjölbreytni í kennslu sem æskilegt væri, auk þess sem fjárhagsvandinn bitnaði á þróunarstarfinu. Hinn vandinn; að finna tíma fyrir kennsluna stafaði af því að flest íslenskunámskeið á Vestfjörðum væru sett upp í fiskvinnslufyrirtækjum og með samningum við þau og því væru þátttakendurnir í fullu starfi og oft með breytilegan vinnutíma. Ef til vill væri hægt að leysa þennan vanda með betra samráði við fyrirtækin. Mikill áhugi væri hjá forsvarmönnum fyrirtækjanna og samtökum þeirra á Vestfjörðum að bæta íslenskunámið. Smári tók sérstaklega fram, þvert ofan í það sem gjarnan er haldið fram, m.a. í fjölmiðlum, að mikið væri að gerast í þessum málum og margt hefði vel verið gert.

Hulda, tók undir með Smára að umræðan hafi löngum verið neikvæð þótt undanfarið hafi umræðan verið frekar jákvæð. Kannski væru fræðsluaðilar of uppteknir til þess að markaðssetja allt það góða sem þeir væru að gera. Benti hún á félagið Ísbrú, sem væri félag þeirra sem kenna útlendingum íslendingum. Sólborg Jónsdóttir hjá Mími er formaður félagsins. Svona félagskapur væri sprottinn af þörf og rétt væri að fá hann inn í umræðuna.

Rætt var um það hvenær úthlutunarreglur menntamálaráðuneytisins gætu legið fyrir og hvernig fræðsluaðilar gætu staðið að auglýsingu námskeiða áður en úthlutunarreglur liggja fyrir.

Stefán benti á að ráðuneytið muni verja 70 milljónum til kennslunnar en óvissan liggi í því hvað fyrirtækin og aðrir ætla að gera. Vegna óvissuþáttanna sem nefndir hefðu verið, auk þess sem eftirspurn væri ekki á hreinu, væri erfitt að negla niður ákveðnar úthlutunarreglur fyrirfram. Ráðuneyti, fræðsluaðilar og nemendur yrðu því miður að búa við ákveðna óvissu til að byrja með. en stefnt væri markvisst að fyrstu auglýsingu styrkja um eða fyrir miðjan janúar 2007.

2. Fundurinn í Tallin 11. – 12. janúar 2007 (Nordic Baltic meeting in Tallinn)

Fundur Norrænu fullorðinsfræðslusamtakanna (Folkbildning Norden) með systur samtökum Eystrasaltsríkjanna (Nordic Baltic meeting in Tallinn) verður haldinn í Tallin 11. – 12. janúar 2007. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að fulltrúi frá Leikn sækti fundinn, sem er annar tveggja árlegra samráðsfunda samtakanna. Gjaldkeri upplýsti að Leikn hefði fjárhagslegt bolmagn á að senda fulltrúa á fundinn. Smári var falið að ræða við Ingibjörgu Elsu um að annað þeirra sækti fundinn fyrir hönd Leiknar.

Arnbjörn nefndi að töluvert að innleggjum varðandi fundinn hefði komið á póstlistann og að það yrði að svara með einhverjar upplýsingum frá Íslandi. Þetta er fyrst og fremst póstur sem fer á milli forsvarsmanna í hverju landi. Mennt falið að senda út til stjórnarmanna þær upplýsingar sem helst skipta máli.

Ákveðið að setja þessar upplýsingar inn á heimasíðu Leiknar.

3. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt.

Smári spurði um stöðuna á heimasíðunni. Arnbjörn upplýsti að Mennt hafi samþykktir félagsins, félagsaðila og fundargerðir. Aðalheiður hjá Mennt er líklega búin að þýða textann á ensku og mun Arnbjörn kanna það. Anna Þóra mun sjá um að setja þetta inn á heimasíðuna. Síðan verða fundargerðir settar inn í aðgangstýrðan aðgang á heimasíðu.

4. Endurskoðun ákvæða um aðild að Leikn

Hulda, Guðjónína og Smári höfðu áður fengið það verkefni að endurskoðun ákvæði í samþykktum Leiknar er fjalla um aðild að samtökunum, en hafa ekki enn lokið því verki. Hulda lagði til að næst þegar Smári kæmi á höfuðborgarsvæðið fari þau í þetta mál. Hulda tekur að sér að hringja símafund til að ákveða frekari dagssetningu.

5. Félagsfundur Leiknar

Smári spurði hvort ekki væri rétt að halda félagsfund, svo sem ákveðið hefur verið.

Samþykkt að Arnbjörn vinni drög að dagskrá í samráði við formann sem lögð yrði fyrir næsta stjórnarfund þar sem félagsfundur verður ræddur frekar.

6. Tilnefning í stjórn landsamtaka menntaáætlunar Evrópusambandsins.

Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 14. desember 2006, þar sem óskað er eftir að Leikn tilnefni einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn landsamtaka menntaáætlunar Evrópusambandsins. Óskað er eftir að tilnefning verði gerð sem fyrst þar sem skrifstofan mun taka til starfa um næstu áramót. Afgreiðslu var frestað og ákveðið að ljúka henni á milli jóla og nýárs með samskiptum um tölvupóst og bóka ákvörðunina á næsta stjórnarfund.

Gögn frá MRN vegna tilnefningar: Sjá fylgiskjal

7. Önnur mál

a) ABF Norden

Hulda greindi frá því að Mímir-símenntun hafi verið með í Norrænu samtarfi sem kallist ABF i Norden. Hefur hún setið í stjórn frá 2003 og var kosin formaður á síðasta stjórnarfund í nóvember s.l. ABF i Norden er háð því að sækja styrki til rekstrarins. Nú síðustu ár lögð áhersla á umræðu um lýðræðið. Hulda taldi að Leikn ætti að taka upp þá umræðu hérlendis og t.d. fjalla um tengingu lýðræðis og fullorðinsfræðslu á félagsfund.

Þá er mikil umræða um jafnrétti innan samtakanna og m.a. í umræðunni að halda 3 málþing um jafnrétti. Nánari upplýsingar um stað, stund og innihald verða kynntar síðar. Hulda leggur áherslu á að meðan að Ísland er með formennsku að fullorðinsfræðslu umhverfið hér heima verði virkt í starfinu.

b) Ráðstefna um lýðræði.

Guðjónína spurði Huldu og Smára um ráðstefnuna *Demokratins dimensioner*, sem haldin var í Stokkhólmi 30. nóvember og 1. desember s.l. og þau sóttu. Auk þeirra sat frá Íslandi ráðstefnuna Sólveig Reynisdóttir sviðstjóri hjá Reykjavíkurborg?

Smári sagði frá því að ánægjulegt og gagnlegt hefði verið að hitta fólk sem starfar að fullorðinsfræðslu annars staðar á Norðurlöndum. Hann nefndi einkum að honum hefði þótt athyglisvert að kynnst stöðu fullorðinsfræðslu á Grænlandi, en Kaj Lyberth frá Arbejderhøjskolen í Qaqortoq á Grænlandi sat fundinn. Meðal efnis var rætt hversu mikilvæg menntun er til að efla lýðræði. Þetta er greinilega mikið á dagskrá á Norðurlöndunum. Sjá nánar heimsíðuna www.nordvux.net

Hulda nefndi sérstaklega skipulag ráðstefnunnar sem henni fannst mjög athyglisvert. Voru þátttakendur vel virkjaðir, m.a. með svokölluðu „þema kaffi“ (thema café) þar sem þátttakendur ákveða við skráningu hvaða þema þeir vildu ræða um. Þátttakendum er síðan skipt í 6-8 manna hópa, sem fjalla um ákveðið þema. Margir hópar geta fjallað um sama þema. Hver hópur situr umhverfis borð og á að svara fjórum spurningum. Spurningar settar upp á stóran dúk. Sá sem sat næstur átti að skrifa fyrir svarið hópinn. Síðan var bæði dúkurinn og svarið hengd upp á þvottasnúru. Seinna fengu allir miða með fimm litlum punktum og átti að gefa þeim svörum atkvæði sem viðkomandi féll best við. Síðan kynnti maður sér niðurstöðu hópanna. Einnig var Panel vinnuhópur þar sem öllum aðilum frá hverju landi var skipt í hópa og spurt hvaða skilaboð viljið þið koma til stjórnvalda, norðurlandaráðs og alheimsins. Íslendingar og Grænlandingar voru saman í hóp.

Sjá efni frá ráðstefnunni: Fylgiskjal

c) Stjórnseta og bakland

Hulda nefndi að mikilvægt væri að þeir einstaklingar sem sitji í stjórn hafi bakland með því að þeir séu starfandi að fullorðinsfræðslu. Birna tók undir þetta og taldi slík tengsl eðlileg. Smári er sammála þessu, en benti þó á að hann teldi að fólk er kosið sem einstaklingar í stjórn Leiknar og því ekki sjálfgefið að það þótt það láta af því starfi sem það gegndi þegar það var kosið eða að eftirmaður þess í starfi taki sæti þess í stjórn. Þetta verður að skoða betur í endurskoðun á samþykktum.

Fundi slitið af Smára kl. 10.45

Anna Þóra Gyldfadóttir ritaði fundargerð.